



Fundargerð

366. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910, 20. júní 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Ingólfur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Jóhann Gunnar Sigmarsson.

Að auki sátu fundinn Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, María Kjartansdóttir verkefnastjóri skipulagsmála, Marianna Hvanndal Einarsdóttir forstöðumaður skráninga, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll. Jóhann Gunnar Sigmarsson sat fundinn í hennar stað.

* * *

1. Hönnun gatnamóta Njarðarbrautar, Fitjabakka og Bergáss (2022110639)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs fór yfir samantekt forsenda fyrir útfærslu umferðarmannvirkis.

Lagt fram.

2. Mælaborð umhverfis- og framkvæmdasviðs 2025 (2025050559)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs lagði fram mælaborð sviðsins.

3. Hólmborgsbraut 2 - kynning (2025020483)

Sævar Sævarsson og Magnús Sverrir Þorsteinsson f.h. Blue Eignir ehf. / Blue Car Rental ehf. mættu á fundinn og kynntu framtíðaráform félagsins við Hólmborgsbraut 2 og hugmyndir er snúa að nærliggjandi lóð.

Umhverfis- og skipulagsráð tekur vel í erindið og felur Gunnari Kr. Ottóssyni skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

4. Svæðisskipulag Suðurnesja 2024-2040 - umsögn (2019070283)

Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja óskar heimildar til að auglýsa tillögu að svæðisskipulagi Suðurnesja 2024-2040 skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda tillöguna til auglýsingar.

5. Deiliskipulagstillaga - Vatnsnes - Hrannargata 2-4 (2019100209)

Deiliskipulagstillagan var samþykkt á 354. fundi umhverfis- og skipulagsráðs en aðalskipulagsbreyting sem auglýst var samhliða hafði ekki verið staðfest. Sú afgreiðsla er hér með felld úr gildi. Aðalskipulagsbreyting fyrir M9 vatnsnes var staðfest 10. janúar 2025.

Viðbrögð við athugasemdum eru í fylgiskjali. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda tillöguna til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

6. Nesvegur 50 - breyting á deiliskipulagi (2020080234)

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi svæðisins, staðfestu 15.03.2022

Skipulagssvæði nær nú einnig utan um lóð austan Hafnarvegs þar sem fyrirhuguð er vatnstaka en vestan megin er lagt til aukið byggingarmagn.

Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla frá Verkís og umsögn Skipulagsstofnunar sem leggur áherslu á vöktun heildar vatnstöku á Reykjanesi.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að auglýsa deiliskipulagstillöguna.

7. Stefna um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum (2024080039)

Reykjanesbær og Suðurnesjabær leggja fram tillögu að stefnu um starfsmannaíbúðir og gistimöguleika starfsmanna á framkvæmdasvæðum, unna af VSÓ ráðgjöf í maí 2024. Mikil fólksfjölgun hefur verið á Suðurnesjum undanfarin ár og ekki hefur náðst að byggja upp húsnæði í sama takti. Mörg störf á Suðurnesjum tengjast ferðaþjónustu og mannvirkjagerð og þar á flugvallarsvæðið mjög stóran hlut. Mörg starfanna eru árstíðabundin. Þessu fylgir aukin eftirspurn á húsnæðismarkaði. Vinnuveitendur sem og sveitarfélögin hafa því leitað ýmissa leiða til að tryggja starfsfólki húsnæði til skemmri eða lengri tíma. Óskað var eftir umsögnum ráða og nefnda. Umsagnarfresti er lokið. Lögð er fram stefna Reykjanesbæjar um starfsmannaíbúðir til afgreiðslu.

Umhverfis- og skipulagsráð felur Róberti Guðmundssyni og Guðbergi Reynissyni að kynna stefnuna fyrir atvinnu- og hafnarráði. Erindi frestað.

8. Smáhús í Reykjanesbæ (2023070008)

Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi lagði fram tillögur að staðsetningu smáhúsa.

9. Grófin - breyting á aðalskipulagi (2025050557)

Lagt er til að skipulagssvæði M1 sé stækkað um 2.000 m² til vesturs.

Erindi frestað.

10. Bolafótur - breyting á aðalskipulagi (2019060056)

Breyting á reit M11 bolafótur er í kynningu. Lagt er til að skipulagssvæðið verði stækkað um 4.000 m². Um er að ræða óverulega breytingu á svæði vegna aðlögunar lóðamarka sunnan við lóðir nr. 9, 13 og 17 við Bolafót. Fjölda íbúða eða byggingarmagn fyrir reitinn breytist ekki.

Erindi frestað.

11. Fuglavík 31 - umsókn um lóð (2025050284)

Rætur verktakar ehf. sækja um lóðina Fuglavík 31.

Lóðarumsókn samþykkt.

12. Fundargerð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar 5. júní 2025 (2025020088)

Fundargerð Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar frá 5. júní 2025 lögð fram.

13. Afgreiðslu- og samráðsfundir byggingarfulltrúa nr. 382 og 383 (2025010022)

Fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 382 og 383 lagðar fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.27.